

Fimmtudaginn 16. nóvember 1989.
 Nr. 82/1988. **Magnús Guðlaugsson og
 Reynir Guðlaugsson persónulega
 og f.h. Guðlaugs A. Magnússonar,
 skartgripaverslunar sf.**
 (Sigurður Georgsson hrl.)
 gegn
Hans Steffin GmbH & Co KG
 (Hákon Árnason hrl.).

Verslunarkaup. Lagaskil.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu í 5. mars 1988. Þeir gera svofelldar dómkröfur:

„aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá lund, að áfrýjendur verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda og stefnda verði gert að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Til vara er sú krafa gerð, að áfrýjendur verði einungis dæmdir til þess að greiða stefnda DEM 10.920,00 auk vaxta af þeirri fjárhæð frá 15. maí 1987 til greiðsludags skv. 11. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, gegn afhendingu fruminnflutningsskjala fyrir þeim hluta vara skv. reikningi nr. 6841, sem óafhentur er, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður“.

Dómkröfur stefnda eru þær, „að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar“.

I.

Hinn 30. janúar 1984 undirritaði áfrýjandinn Magnús Guðlaugsson, sem var staddur í Vestur-Þýskalandi, vörupöntun þá, sem málið fjallar um. Kaupandi er tilgreindur Guðlaugur A. Magnússon. Í pöntuninni segir, að helming varanna skuli afhenda frá verksmiðju í október 1984, en hinn helminginn 31. desember sama ár.

Í málinu liggur frammi reikningur nr. 6841, dagsettur 20. desember 1984, samtals að fjárhæð 31.570,00 vestur-þýsk mörk, og er þar miðað við cif-verð. Á þennan reikning virðist stefndi síðar hafa vérlitað á þýsku upplýsingar, sem í íslenskri þýðingu hljóða svo:

- | | |
|---|--------------|
| 1. Afhending að hluta 1.3.1985.
Greitt 8.5.85 | DM 10.570,00 |
| 2. Afhending að hluta 14.5.1985.
Greitt 29.11.85 | DM 10.080,00 |
| 3. Afhending að hluta 5.12.1985.
Vörurnar endursendar. Ekki greiddar | DM 10.920,00 |

Í málinu liggur einnig frammi reikningur nr. 6842, út gefinn af stefnda 30. desember 1984, að fjárhæð 30.750,00 vestur-þýsk mörk.

Með bréfi 14. janúar 1986 krafði stefndi kaupanda um greiðslu á 10.920,00 vestur-þýskum mörkum vegna varanna, sem sendar höfðu verið 5. desember 1985. Með bréfum 18. febrúar 1986, 25. febrúar 1986 og 11. mars 1986 ítrekaði stefndi kröfu sína um greiðslu á ofangreindri fjárhæð. Áfrýjendur virðast ekki hafa svarað bréfum þessum. Stefndi ítrekaði enn kröfu sína um greiðslu á nefndum 10.920,00 vestur-þýskum mörkum með símskeytum 3. og 22. apríl 1986.

Í ofangreindum bréfum og símskeytum er reikningsins nr. 6842 frá 30. desember 1984 að engu getið.

Guðlaugur A. Magnússon, skartgripaverslun sf., ritaði stefnda bréf 21. apríl 1986. Þar er lýst fjárhagserfiðleikum fyrirtækisins og að fyrirtækið geti ekki að svo stöddu greitt reikninginn, að fjárhæð 10.920,00 vestur-þýsk mörk, enda eigi fyrirtækið enn megnið af vörum úr fyrri sendingum. Þá er óskað heimildar til að endursenda síðustu sendingu.

Hinn 4. júlí 1986 svaraði stefndi ofangreindu bréfi og tók fram, að vörusendingin, sem síðast var send, hefði borist aftur til Þýsklands í sömu viku og bréfið er ritað. Býðst stefndi til að senda þessar vörur á ný í byrjun desembermánaðar 1986 og vörurnar samkvæmt reikningi nr. 6842 frá 30. desember 1984 í þrennu lagi, í febrúar, apríl og júní 1987. Er þess óskað, að kaupandi samþykki þessa tilhögun skriflega.

Með bréfi stefnda 15. september 1986 er kvartað um, að kaupandi hafi ekki sýnt nein viðbrögð við bréfinu frá 4. júlí sama ár.

II.

Við hinn munnlega málflutning fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu aðila, að dæma bæri málið eftir íslenskum lögum þrátt fyrir ákvæði í upphaflegum söluskilmálum, en þar segir, að um kaupin gildi þýsk lög.

Vörupöntun kaupanda er frá 30. janúar 1984, en reikningur nr. 6842 er dagsettur 30. desember sama ár. Vörur samkvæmt þessum reikningi voru aldrei afhentar. Gögn málsins leiða ekki í ljós, að stefndi hafi tilkynnt kaupanda, að hann vildi halda kaupunum samkvæmt þessum reikningi upp á kaupanda. Slík yfirlýsing felst ekki heldur í bréfinu frá 4. júlí 1986. Hér var um verslunarkaup að ræða í skilningi 4. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup. Bar stefnda því samkvæmt 31. gr. nefndra laga að tilkynna kaupanda innan hæfilegs tíma, að hann vildi halda kaupunum upp á hann, enda þótt kaupandi hafi enga fyrirspurn gert um vörusendingu þessa. Er bréf stefnda var ritað 4. júlí 1986, var liðið meira en eitt og hálf t ár frá útgáfu reikningsins og meira en tvö ár og fimm mánuðir, frá því að pöntun var gerð. Verður að líta svo á, að þetta aðgerðaleysi stefnda leiði til þess, að kaupanda sé óskýlt að taka við og greiða vörur samkvæmt reikningi nr. 6842. Ber því að sýkna áfrýjendur af kröfu stefnda, að fjárhæð 30.750,00 vestur-þýsk mörk.

Telja verður hins vegar, að stefndi hafi haldið kröfu sinni, að fjárhæð 10.920,00 vestur-þýsk mörk, réttilega til laga og ber að dæma áfrýjendur in solidum til að greiða þá fjárhæð með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjendur greiði stefnda máls-kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 150.000,00 krónur.

Ofangreindar fjárhæðir greiði áfrýjendur gegn afhendingu frum-innflutningsskjala fyrir umræddri vörusendingu.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Magnús Guðlaugsson og Reynir Guðlaugsson, greiði in solidum persónulega og fyrir hönd Guðlaugs A.

Magnússonar, skartgripaverslunar sf., stefnda, Hans Steffin GmbH. & Co KG, 10.920,00 vestur-þýsk mörk með 9% ársvöxtum frá 5. desember 1985 til 1. maí 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 11. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Áfrýjendur greiði stefnda 150.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ofangreindar fjárhæðir greiði áfrýjendur gegn afhendingu fruminnflutningsskjala fyrir umræddri vörusendingu.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ.m., höfðaði Guðmundur Jónsson hdl., nnr. 3084-1115, f.h. vestur-þýska firmans Hans Steffin GmbH & Co KG, Schwebelstrasse 10, Pforzheim, Vestur-Þýskalandi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 10. júní 1987, gegn Guðlaugi A. Magnússyni, skartgripaverslun sf., nnr. 2957-2240, Laugavegi 22 A, og þeim Magnúsi Guðlaugssyni, nnr. 6257-3058, Hjallalandi 13, Reykjavík, og Reyni Guðlaugssyni, nnr. 7288-9614, Kvistalandi 12, Reykjavík, persónulega og f.h. sameignarfélagsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða stefnanda DEM 62.320,00 með 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 1. maí 1987, en með 10,7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, allt að frá dreginni innborgun 8. maí 1985, að fjárhæð DEM 10.570,00, og 29. nóvember 1985, að fjárhæð DEM 10.080,00, gegn afhendingu fruminnflutningsskjala fyrir hinni umstefndu vöru.

Dómkröfur stefndu eru krafa um sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefndu málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara er þess krafist, að stefndu verði einungis dæmdir til þess að greiða DEM 10.920,00 með vöxtum, eins og krafist er, og málskostnaður falli þá niður.

Leitað hefur verið um sættir í máli þessu án árangurs.

II.

Stefnandi höfðar mál þetta til heimtu skuldar vegna vörukaupa stefndu frá stefnanda. Vöruna hafi stefndu pantað með vörupöntun, dags. 30. janúar 1984. Samkvæmt pöntuninni hafi vöruna átt að afhenda að hálfu

í október 1984 og að hálfu fyrir desemberlok sama ár og greiða við afhendingu, en andvirði hafi verið DEM 62.320,00. Áður en til afhendingar kom, hafi verið óskað eftir afhendingu í smærri hlutum. Hlutagreiðslur hafi verið inntar af hendi 8. maí 1985 og 29. nóvember 1985, sbr. dómkröfur málsins.

Frekari vörusendingum hafi síðan ekki verið veitt viðtaka og þær ekki greiddar, og hafi stefndu borið fyrir sig fjárskort. Þess hafi verið farið á leit að endursenda vöruna. Á það hafi stefnandi ekki fallist, og haldi hann með málshöfðun þessari kaupunum upp á stefndu til aðfararhæfs dóms fyrir eftirstöðvum vörukaupanna auk vaxta og kostnaðar.

Um rökstuðning fyrir kröfum sínum vísar stefnandi til laga nr. 39/1921, um lausafjárkaup, og meginreglu samninga- og kröfuréttar.

III.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að með bréfi stefndu dags. 21. apríl 1986, dskj. 12, hafi verið fullnægt skilyrðum 31. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup, og sé stefndu rétt, eins og hér standi á, að synja um viðtöku frekari hluta, eins og þeir hafi gert.

Móttaka stefnanda á hluta sendingarinnar um mánaðamótin júní/júlí 1986 styrki einnig þann skilning, að stefnandi héldi ekki kaupunum upp á stefndu. Þótt stefnandi hafi lýst yfir, að hið nýja tilboð, sem fólst í bréfi stefnanda, dags. 4. júlí 1986, sé „sérstaklega hagstætt“ stefndu, hafi stefnandi alls ekki getað litið á það sem sjálfsgöðan hlut, að stefndu féllust á tilboðið, enda slíkt andstætt íslenskum lögum. Stefndu hafi í engu svarað hinu nýja tilboði fyrr en með bréfi lögmanns síns frá 18. maí 1987, en þá hafi tilboðið verið löngu fallið niður.

Um frekari rökstuðning fyrir kröfum sínum vísa stefndu til 8. gr. samningalaga, nr. 7/1936, auk almennra reglna samninga-, kaupa- og kröfuréttar.

IV.

Niðurstaða.

Af vörum þeim, sem stefndi Guðlaugur A. Magnússon sf. pantaði hjá stefnanda 30. janúar 1984 fyrir samtals DEM 62.320,00 og upphaflega átti að afhenda í október og desember 1984, voru innleystar tvær sendingar, þ.e. 8. maí 1985 fyrir DEM 10.570,00 og 29. nóvember 1985 fyrir DEM 10.080,00. Um frekari greiðslur hefur ekki verið að ræða.

Bréf stefndu, dags. 21. apríl 1986, dskj. 12, er ekki fyrirspurn skv. 31. gr. laga nr. 39/1922, heldur tilmæli um, að kaupin verði látin ganga til baka vegna fjárhagserfiðleika stefndu, sem gefið er í skyn, að verði lokið í árslok 1986.

Þá er bréf þetta var skrifað, var ljóst af ítrekuðum bréfaskriftum stefn-

anda, að stefnandi ætlaði að halda kaupunum upp á stefndu. Í skjölum málsins kemur fram, að vörusendingar stefnanda til stefndu voru sendar í bögglaþósti, og jafnframt, að pósthögglar, sem ekki er vitjað innan ákveðins tíma, eru endursendir, svo að endursending pósthögglanna sýnir ekkert um afstöðu stefnanda.

Með bréfi, dags. 4. júlí 1986, hafnaði stefnandi tilmælum stefndu frá 21. apríl 1986, en gerði stefndu nýtt tilboð, sem stefndu þágu ekki, og eru stefndu því bundnir við fyrri samning málsaðila, enda ekkert fram komið, sem heimili stefndu riftun kaupanna.

Niðurstaða málsins verður því sú, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður, þar með talinn söluskattur, ákveðst 185.000,00 krónur. Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Magnús Guðlaugsson og Reynir Guðlaugsson, greiði in solidum persónulega og fyrir hönd sameignarfélagsins Guðlaugs A. Magnússonar, skartgripaverslunar, DEM 41.670,00 með 9% ársvöxtum af DEM 62.320,00 frá 1. janúar 1985 til 8. maí 1985, en af DEM 51.750,00 frá þeim degi til 29. nóvember 1985, en af DEM 41.670,00 frá þeim degi til 1. maí 1987 og með 10,7% ársvöxtum af DEM 41.670,00 frá þeim degi til greiðsludags og 185.000,00 kr. í málskostnað gegn afhendingu fruminnflutningsskjala fyrir hinni umstefndu vöru.

Greiðslur samkvæmt dómi þessum fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
